



Þingskjal 442 – 356. mál.

Akureyri 21. janúar 2021

Efni: Umsögn Akureyrarbæjar vegna frumvarps til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, mál nr. 356.

Löngu er orðið tímabært að aðskilja eftirlit með velferðarþjónustu frá ráðgjöf og rekstri sbr. tillögur nefndar um endurskoðun stjórnarsýslu ríkisins á sviði félagsþjónustu og barnaverndar (maí 2016). Það er jákvætt að nú skuli eiga að stíga skrefið til fulls með því að breyta ráðuneytisstofnun í sjálfstæða ríkisstofnun. Með því má vænta þess að eftirlit með velferðarþjónustunni verði eflt og taki til fleiri þátta en verið hefur.

Tekið er undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi það að tryggja skuli samráð við sveitarfélögin varðandi stjórnvaldsfyrirmæli um tilhögun gæðaviðmiða og eftirlits.

Bent skal á að skoða þarf gaumgæfilega hlutverk réttindagæslumanna fatlaðra í samhengi við hlutverk og verkefni Gæða og eftirlitsstofnunar. Réttindagæslumenn aðstoða fólk við að leita réttar sín en þeir hafa enn fremur verið eins konar eftirlitsaðilar með þjónustunni í málaflokki fatlaðra og birst inn á heimilum fatlaðra og á vinnustöðum í málaflokknum jafnvel óboðað. Í framhaldinu hafa þeir skoðun á ýmsum hlutum og gera athugasemdir við framkvæmd þjónustunnar. Samkvæmt frumvarpinu er það hlutverk Gæða og eftirlitsstofnunar að hafa eftirlit með velferðarþjónustu m.a. með frumkvæðiseftirliti. Það er þess vegna ástæða til þess að skoða skörun á milli þessara aðila.

Raunar þyrfti líka að skoða alla umgjörð í kring um réttindagæsluna þ.m.t. stjórnarsýslulega staðsetningu en vel færi á því að réttindagæslan yrði staðsett undir Gæða og eftirlitsstofnun.

Virðingarfyllst

f.h. Akureyrarbæjar

Guðrún Sigurðardóttir sviðsstjóri